

# Umsögn

um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpið er nú lagt fram í annað sinn og er í öllum meginatriðum sambærilegt við fyrra frumvarp sama efnis. Breytingar felast einkum í því að bætt er við ári við innheimtu auðlegðarskatts í 6. gr. til þess að fjármagna byggingarsjóðinn.

Meiri hlutinn er sama sinnis og á síðasta þingi og er því umsögnin í fullu gildi, fyrir utan að nú er hönnun og framkvæmdir á lóð Landspítala komnar lengra á leið. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir 1,8 milljarða kr. fjárveitingu, annars vegar til fullnaðarhönnunar á nýjum meðferðarkjarna og hins vegar vegna kostnaðar við byggingu sjúkrahótels.

Umsögn meiri hlutans á sl. þingi stendur óbreytt og er hún eftirfarandi:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnaður verði byggingarsjóður til að fjármagna nýbyggingar og meiri háttar endurnýjun húsakosts Landspítalans. Lagt er til að auðlegðarskattur verði markaður til þessara útgjalda. Jafnframt njóti sjóðurinn vaxtatekna og hafi heimildir til lántöku ef útgjöld reynast tímabundið hærri en innheimta markaðra tekna.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að mikil þörf sé fyrir endurnýjun húsakosts Landspítala og að nú þegar hafi mikill undirbúningur staðið yfir um nokkurra ára skeið. Jafnframt er vísað til þess að verulegt rekstrarhagræði felist í því að sameina kjarnastarfsemi spítalans á einum stað.

Í þessu sambandi bendir meiri hlutinn á að nú þegar hefur komið fram að stjórnvöld eru jákvæð fyrir því að undirbúningur byggingar nýs Landspítala hefjist á yfirstandandi kjörtímabili. Vísir að þeirri fyrirætlun kemur fram í fjárlögum yfirstandandi árs og frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár þar sem samtals er verið að veita 1.045 millj. kr. til að hanna meðferðarkjarna á lóð spítalans auk þess að hanna og hefja byggingu sjúkrahótels. Hagkvæmni fjárfestingarinnar í heild liggur að miklu leyti í byggingu sjúkrahótels og er því eðlilegt að byrja á þeirri framkvæmd.

Meiri hlutinn telur að stofnun byggingarsjóðs með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpinu sé ekki í samræmi við áherslur sem meiri hlutinn hefur sett sér og koma m.a. fram í frumvarpi um afnám markaðra tekna. Þar er mörkuð sú stefna að draga verulega úr mörkuðum tekjum á gjaldahlið fjárlaga og helst afnema þær með öllu. Þar að auki er auðlegðarskatturinn að leggjast af, hann er lagður á í síðasta sinn vegna ársins 2014.

Byggingarsjóðurinn yrði væntanlega flokkaður sem A-hluta ríkisstofnun eins og sjóðir af svipuðu tagi, svo sem Framkvæmdasjóður aldraðra og Atvinnuleysistryggingasjóður. Reglur um láns- og reikningsviðskipti, nr. 83/2000, voru settar á grundvelli laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt reglunum er ríkisaðilum í A-hluta ríkisins óheimilt að taka lán til starfsemi sinnar. Öll fjármögnun A-hlutans gerist í gegnum ríkisjóð og einstaka stofnanir og sjóðir í A-hluta taka ekki lán. Í ljósi þessa er ljóst að ákvæði 4. gr. frumvarpsins um lántökur ganga gegn fjárreiðulögunum.

Fjárlaganefnd hefur nú á undanförunum árum fjórum sinnum haft til umsagnar ýmist frumvörp eða þingsályktanir sem öll hafa fjallað um fjármögnun uppbyggingar á nýjum Landspítala.

Meiri hlutanum þykir skjóta skökku við að frumvarpinu, sem eingöngu fjallar um fjármögnun nýbygginga og endurbóta á húsnæði, hafi ekki verið vísað beint til fjárlaganefndar. Þar að auki er um að ræða eina umfangsmestu fjárfestingu ríkisins á síðastliðnum árum sem hefur umtalsverð áhrif á heildargjöld ríkissjóðs meðan á byggingartíma stendur.

Vakin er athygli velferðarnefndar á lögum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík sem öðluðust gildi 1. september 2013. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að uppbyggingin falli að lögum um skipan opinberra framkvæmda og ekki er því gert ráð fyrir að fjármagna uppbygginguna með sérstökum sjóði. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að væntanlega þurfi ríkið að færa heildarskuldbindinguna til gjalda í reikningum ríkisins á framkvæmdatíma verksins óháð því hvort sérstakur byggingarsjóður er til staðar eður ei. Í 14. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir að verksamninga skuli gjaldfæra í samræmi við framvindu verksins ljúki því ekki á reikningsári.

Það breytir því engu um afkomu ríkissjóðs hvort um opinbera framkvæmd eða fjármögnun með sjóði á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er að ræða. Eftir sem áður er vandinn sá að taka þarf lán til framkvæmdanna og í ljósi skuldastöðu ríkissjóðs og rekstrarafkomu er ekki enn búið að sjá til lands í því máli, þrátt fyrir skýran vilja stjórnvalda til þess að ná þeim markmiðum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu.